

81. stjórnarfundur Bergrisans bs.

27.1.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Gestur undir lið 1 var Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf.

Dagskrá

1. Gæðaeftirlit – Kynning frá EAP ráðgjöf

Stjórn Bergrisans hefur staðið að úttekt á gæðum þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins. Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf kynnir niðurstöður gæðaeftirlitsins. Staða mála er í meðallagi miðað við landsvísu en ljóst er að bæta má úr eftirfylgni á úrvinnslu úrbóta.

2. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 186. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

2.a. Erindi um aukningu á fjölda tíma í NPA samningi - 101760

Sótt er um aukningu á NPA-samningi fyrir einstakling með auðkennisnúmer 101760 um 52 stundir til viðbótar á mánuði. Gildandi samningur er 480 klst. á mánuði en óskað er eftir 532 klst. Miðað við tímagjald sólahringssamninga NPA fyrir árið 2025 verður heildarkostnaður við samninginn 56.409.024 kr. og er það kostnaðarauki um 5.513.664 kr. á ári og leggur þjónusturáð til að umsóknin verði samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

3. Verkáætlun 2025

Verkefnastjóri kynnir tímaáætlun fyrir helstu áherslur í starfi Bergrisans árið 2025.

4. Beiðni frá Sólheimum

Lögð er fram beiðni frá Sólheimum um aukningu á framlagi árið 2025 umfram samning.

Stjórn frestar afgreiðslu og vísar málinu til frekari vinnslu hjá starfsfólki Bergrisans.

Ása Valdís Árnadóttir vísar til fundi.

5. Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks

Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs er heimilt að úthluta allt að 415 mkr í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði framkvæmda á árinu 2024. Fasteignasjóður hefur sett viðmið um dreifingu fjármagnsins og er áætlað að Suðurland fái allt að 39.740.944 úthlutað. Er þjónustuvæðum gert að standa saman að umsóknum vegna verkefnisins og óskaði Bergrisinn eftir umsóknum frá aðildarsveitarfélögum árið 2024 og samþykkti alls 25.478.687 kr. til verkefna hjá Hrunamannahreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Skaftárhreppi og Rangárþingi eystra. Þá fengu Hveragerðisbær og Bláskógabyggð beina styrki frá fasteignasjóði, samtals að upphæð 6.485.553 kr. Var ákveðið að óska eftir frekari umsóknum til að reyna að fullnýta styrkinn, en eftirstöðvar eru samtals 7.776.704 kr. Eftirfarandi viðbótarumsóknir bást:

- Grímsnes- og Grafningshreppur - nýtt undirlag á skólalóð. Heildarkostnaður: 28.379.057. 50% styrkur: 14.189.528.

- Mýrdalshreppur - stigalyfta á Hjallatúni. Heildarkostnaður: 3.712.354. 50% styrkur: 1.856.177.

- Skeiða- og Gnúpverjahreppur - bætt aðgengi að sundlaug og líkamsrækt. Heildarkostnaður: 13.219.000. 50% styrkur: 6.609.500.

Samtals er því sótt um styrki að upphæð 22.655.205.

Stjórn samþykkir að leggja til við Fasteignasjóð að flötum niðurskurði sé beitt þar sem upphæðir sem sótt er um fara umfram eftirstöðvar. Eru allir styrkir því skertir um 65,68% og er niðurstaðan eftirfarandi:

- Grímsnes- og Grafningshreppur: 4.869.846 kr.

- Mýrdalshreppur: 637.040 kr.

- Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 2.268.380 kr.

Samtals 7.775.266 kr.

6. Önnur mál

Vinnufundur stjórnar var haldinn 13. janúar og tókst vel.

Fundi slitið klukkan 14:23.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson